

# MUNNLEG ENDURSÖGN

## (retelling)

### Aldurshópur

Öll stig grunnskólans

### Um aðferðina

Við endursögn rekur nemandinn atburðarás í texta með eigin orðum og í rétttri tímaröð. Kenna þarf nemendum hvaða atriði þurfa að koma fram í endursögn (persónur, umhverfi, tími og söguþráður/atburðir þegar um frásögn er að ræða) og að það eigi að nota eigin orðaforða í stað þess að endurtaka setningar úr textanum. Endursögn reynir á fjölbreytta undirstöðufærni eins og skammtíaminni, skipulag hugsana, orðaforða og framsögn.

Það er mikilvægt að kenna alla lesskilningstækni í gegnum stigskiptan stuðning (scaffolding). Hann felur í sér sýnikennslu (modelling), vinnu undir leiðsögn kennara (guided practice) og tækifæri fyrir nemendur til að æfa sig á eigin spýtur (independent practice). Flestir kennarar þekkja til hugmyndafræðinnar um stigskiptan stuðning og gildi hans fyrir kennslu og sjálfstæði nemenda í námi. Tryggja þarf að nemendur fái næg tækifæri til þjálfunar og svo þarf að minna þá á að grípa til tækninnar þegar þörf er á.

### Markmið aðferðar

- Að efla les- og/eða hlustunarskilning nemenda.
- Að efla munnlega tjáningu nemenda.
- Að auka orðaforða nemenda.
- Að þjálfva skammtíaminni og færni nemenda í að setja hugsanir sínar fram á skipulagðan hátt.

### Framkvæmd

- Kennari útskýrir orðið „endursögn“ fyrir nemendum (að endursegja efni texta með eigin orðum og í rétttri tímaröð).
- Kennari gefur nemendum dæmi um endursögn. Hann velur 50–100 orða sögubút eða frásögn og endursegir að lestri loknum.
- Kennari útskýrir fyrir nemendum að nú æfi þau sig í endursögn og að hann muni hjálpa þeim. Hann velur aftur 50–100 orða sögubút eða frásögn og eftir lesturinn fær hann nemendur til að prófa sig áfram í endursögn, með hjálp og tilsögn eins og þarf. Þessi þáttur stuðningsins er endurtekinn þar til kennari telur nemendur færa um að takast á við endursögn texta á eigin spýtur.
- Nú er komið að nemendum að prófa sjálfir. Kennarinn parar nemendur saman, hann úthlutar þeim texta eða leyfir þeim sjálfum að velja texta.
- Nemendur fá tíma til að lesa söguna/frásögnina og æfa endursögnina með félagi.

- Að síðustu er komið að formlegri endursögn eða mati og má framkvæma það á nokkra vegu:
  - ▷ Tvö þör eða fleiri mynda litla hópa og skiptast á endursögn.
  - ▷ Þörin skiptast á að koma fram og endursegja sína sögu/frásögn fyrir allan bekkinn.
  - ▷ Taka má endursögnina upp sem myndband sem kennari getur skoðað síðar og/eða til að senda á foreldra.
  - ▷ Taka má endursögnina upp sem hljóðskrá þannig að kennari geti hlustað á síðar. Jafnframt væri hægt að safna þessum hljóðskráum í hlaðvarp til skemmtunar, upprifjunar og eins til að leggja mat á framför nemenda yfir ákveðið tímabil.